



## L Ö G

### Fimleikafélagsins Björk

#### 1 Heiti, aðsetur, tilgangur og félagsform

- 1.1 Félagið heitir Fimleikafélagið Björk
- 1.2 Heimili félagsins er í íþróttamiðstöðinni Björk að Haukakrauni og varnarþing þess er í Hafnarfirði
- 1.3 Félagið er íþróttafélag og lýtur þeim reglum sem gilda um almenn félög og sjálfseignarstofnanir. Í nafni félagsins starfa deildir, sem sameinast í aðalstjórn félagsins. Einstaklingar geta einungis orðið félagar í gegnum íþrótt- eða félagadeild sem rekin er í nafni félagsins.
- 1.4 Tilgangur félagsins er að vera vettvangur fyrir alhliða íþróttastarf, með því að iðka sem flestar íþróttagreinir og glæða áhuga almennings á gildi íþróttar.

#### 2 Félagið og félagsmenn

- 2.1 Merki félagsins er Mínervumynd ofan á „F-inu“ með upprunalegum stöfum „Björk“. Íþróttadeild félagsins er heimilt að nota eigið merki, sem byggist á „F-inu og upprunalegum stöfum „Björk“. Leita þarf samþykki aðalstjórnar fyrir merki íþróttadeilda.
- 2.2 Keppnis- og æfingabúningar íþróttadeilda félagsins skulu taka mið af litum félagsins sem eru kornblátt og ljósblátt. Aðalstjórn er heimilt að setja reglur um keppnisbúninga íþróttadeilda.
- 2.3 Félagi getur hver sá orðið sem æskir þess, enda sé hann skráður sem félagi eða iðkandi í einhverja af deildum félagsins og greiðir féлага- eða æfingagjöld samkvæmt gjaldskrá félagsins. Heimilt er að skrá sig í fleiri en eina íþróttadeild.
- 2.4 Úrsögn úr félaginu skal beint til stjórnar viðkomandi deildar innan félagsins. Félagaskipti fara samkvæmt lögum og reglum Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí) og sérsamböndum þess.
- 2.5 Þeir félagar, sem eru eldri en 18 ára og falla af iðkendaskrá viðkomandi íþróttadeildar skulu sjálfkrafa verða skráðir í félagadeild.
- 2.6 Aðalstjórn félagsins getur kosið tiltekinn félagsmann sem heiðursféлага. Slíka tilnefningu skal samþykkja með samþykki 2/3 hluta fundarins. Heiðursfélagar eru undanþegnir greiðslu á félagsgjöldum.
- 2.7 Aðalstjórn félagsins getur ákveðið að tilteknum félagsmönnum séu veitt eftirfarandi heiðursmerki.
  1. Gulllauf Bjarka fyrir langt óeigingjarnt starf í þágu félagsins
  2. Silfurlauf Bjarka fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins í meira en áratug og/eða verið iðkandi og sýnt framúrskarandi árangur í íþrótt sinni
  3. Starfsmerki Bjarka fyrir störf í þágu félagsins í a.m.k. fimm ár og aðalstjórn metur viðurkenningarhæf
  4. Fáni Bjarka er veittur félögum, einstaklingum og öðrum sem aðalstjórn ákveður hverju sinni
- 2.8 Félagsmenn og íþróttadeildir skulu lúta lögum félagsins, sem og lögum heildarsamtaka íþróttahreyfingarinnar.
- 2.9 Félagsmenn bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum löggæringi. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum félagsfundar.



### 3 Stjórnskipulag félagsins

- 3.1 Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málefnum þess.
- 3.2 Aðalstjórn hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda og fylgir eftir samþykktum aðalfunda hverju sinni.
- 3.3 Innan félagsins starfa íþrótt- og félagsdeildir, sem lúta lögum þessum.
- 3.4 Aðalstjórn er heimilt að stofna rekstrarfélag um rekstur félagsins, einstakar deildir, hópa eða verkefni.

### 4 Aðalfundur félagsins

- 4.1 Æðsta vald í sameiginlegum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka sem lög þessi og lög íþróttahreyfingarinnar setja, er í höndum lögmætra aðalfunda.
- 4.2 Aðalfundur félagsins skal halda fyrir **15.-lok** apríl ár hvert og skal aðalstjórn auglýsa fund með a.m.k. **1430** daga fyrirvara eins og nánar er kveðið á um í gr. 4.5.
- 4.3 Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Fundarsetning, ávarp formanns og kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Staðfest lögmæti fundarins og kannað kjörgengi fundarmanna
3. Skýrsla aðalstjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári lögð fram og kynnt
4. Reikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum skoðunarmanna, skal lagður fram til samþykktar
5. Tillögur um lagabreytingar, sem löglega eru fram bornar
6. Kosning aðalstjórnar félagsins í samræmi við grein 5.1.
7. Kosning skoðunarmanna í samræmi við grein 7.2.
8. Önnur mál, sem löglega eru upp borin, almennar umræður og fyrirspurnir

4.4 Aðalstjórn skal boða til félagsfunda þegar hún telur þess þörf eða þegar a.m.k. 30 félagsmenn krefjast þess skriflega með tilvísun í fundarefni. Þegar lögmæt krafa er fram komin skal aðalstjórn skylt að boða til fundar í samræmi við grein 4.5 innan 7 daga frá því er henni barst krafan. Samþykktum félagsfunda skal aðalstjórn hrinda í framkvæmd svo fljótt sem auðið er. Félagsfundi aðra en aðalfundur skal boða með minnst viku fyrirvara.

4.5 Aðalfundur og félagsfundi skal boða með sannanlegum hætti með auglýsingu í dagblaði eða bæjarblaði sem berst í öll hús í Hafnarfirði, með tilkynningu á heimasíðu og á opnum síðum samskiptamiðils félagsins og í tölvupósti á iðkendur og aðra skráða félagsmenn.

4.6 Aðalstjórn skal skipa kjörnefnd eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund. Nefndin skal skipuð 3 aðilum sem þekkingu hafa á starfsemi félagsins. Kjörnefnd skal leitast við að tryggja nægjanlega mörg framboð til aðalstjórnar og taka við slíkum framboðum. Skila skal framboðum á skrifstofu félagsins merkt „kjörnefnd“ eða á það netfang sem félagið auglýsir. Framboð til aðalstjórnar skal tilkynna eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Komi ekki nægjanlega mörg framboð fyrir tilskilinn tíma skal kjörnefnd stýra því að opnað verði fyrir framboð á aðalfundi. Starfi kjörnefndar lýkur að aðalfundi loknum.“ Framboð til aðalstjórnar skal tilkynna til aðalstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Komi ekki nægilega mörg framboð á tilskildum tíma skal opna fyrir framboð á aðalfundi.

4.7 Viku fyrir aðalfund hið skemmsta skal félagatal, dagskrá, endanlegar tillögur, reikningar félagsins ásamt skýrslu skoðunarmanna og framboð til aðalstjórnar liggja frammi á skrifstofu félagsins og vera aðgengileg rafrænt á heimasíðu félagsins að undanskildu félagatali. Mál eða tillögur sem ekki hafa verið lögð fram á ofangreindan hátt er ekki unnt að taka til endanlegra úrlausnar á fundinum nema með samþykki a.m.k. 2/3 fundarmanna, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir aðalstjórn. Löglega frambornar viðauka- og breytingartillögur má bera uppá fundinum sjálfum.



4.8 Aðalfundum og félagsfundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs. Hann skal láta kjósa fundarritara sem skráir fundargerð þar sem fram kemur fundarefni og tillögur fundarins, ákvarðanir hans og úrslit atkvæðagreiðslna. Sé þess óskað af fundarmönnum að fundargerð skuli lesin upp fyrir lok fundar skal það gert og fundarmönnum gefin kostur á að skrá þar athugasemd ef verða vill. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerð fundarins og í síðasta lagi 30 dögum eftir fund skulu félagsmenn hafa aðgang að rafrænu eintaki hennar á heimasíðu félagsins. Komi ekki athugasemdir við fundargerðina innan 30 daga eftir birtingu hennar telst hún samþykkt.

4.9 Aðalfundur og félagsfundur er lögmætur ef löglega er til þeirra boðað.

4.10 Allir skuldlausir félagar um síðustu áramót, samkvæmt félagatali og viðskiptayfirliti viku fyrir fund, heiðursfélagar, handhafar gulllaufs og silfurlaufs Bjarka, hafa rétt til setu á aðalfundi og félagsfundi félagsins og hafa þar fullt málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Félögum yngri en 16 ára er ekki heimilt að greiða atkvæði á fundunum, en foreldri eða forráðamanni þess er heimilt að greiða atkvæði í stað barnsins og hefur fullt málfrelsi og tillögurétt á fundinum. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi eða félagsfundi félagsins.

4.11 Meirihluti atkvæða ræður úrslitum allra mála, nema annað sé ákveðið í lögum þessum eða almennum reglum íþróttahreyfingarinnar. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði við kosningu, skal hlutkesti ráða.

## 5 Aðalstjórn félagsins

5.1 Aðalfundur félagsins kýs árlega 7-9 menn í aðalstjórn félagsins. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn og einn stjórnarmaður á hverjum aðalfundi kosinn til tveggja ára, þannig að kosið er um einn á hverjum aðalfundi. Aðrir stjórnarmenn eru samkvæmt tilnefningum frá íþróttadeildum eða félagsdeild, þannig að hver deild með fjölda iðkenda allt að 200 tilnefnir einn stjórnarmann og hver deild með 201 iðkanda eða fleiri tilnefna einn að auki. Allir sem eru sjálfráða og ekki starfsmenn félagsins við daglegan rekstur þess eru hæfir til setu í aðalstjórn félagsins. Launaðir þjálfarar og aðrir starfsmenn íþróttadeilda eru hæfir sem stjórnarmenn tilnefndir af íþróttadeildum.

5.2 Formaður félagsins boðar til fundar og stýrir fundum. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða aðalstjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða starfsmanns við daglegan rekstur. Heimilt er að taka þátt í fundi í gegnum síma, tölvu eða annan fjarfundarbúnað.

5.3 Stjórnarfundur er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir hann. Mikilvæga ákvörðun sbr. grein 5.4. má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum þessum eða lögmætum fyrirætlum. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns félagsins úrslitum. Stjórnin skal halda fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og skulu fundarmenn fá tækifæri til að gera athugasemdir við fundargerð innan viku frá fundi. Fundargerð telst samþykkt af fundarmönnum hafi þeir ekki gert athugasemd innan tilgreinds frest. Fundargerðir skulu vera aðgengilegar stjórnarmönnum á tilgreindu svæði rafrænt.

5.4 Undirskrift meirihluta stjórnarmanna þarf til að skuldbinda félagið. Mikilvægar ákvarðanir, svo sem kaup og sala eigna félagsins og sambærilegar fjárfestingar, hverslags skuldsetning félagsins, fjárhagsáætlun ársins þar sem fram koma allar helstu skuldbindingar og fjárhagsleg áform næsta árs og aðrar fjárskuldbindingar sem ekki eru í fjárhagsáætlun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið. Rafræn umfjöllun er fullgild í þeim efnum.



5.5 Aðalstjórn félagsins er heimilt að skipa starfshópa til að sinna ákveðnum verkefnum eftir því sem þurfa þykir hverju sinni. Ætíð skal skipaður formaður í viðkomandi starfshóp og skal hann bera ábyrgð á boðun funda hans og hafa samskipti við aðalstjórn. Umboð allra starfshópa fellur niður á aðalfundi félagsins og skulu þeir endurkosnir á fyrsta fundi nýskipaðrar stjórnar ef starf þeirra á að halda áfram.

## 6 Rekstur félagsins og framkvæmdastjórn

6.1 Aðalstjórn ber ábyrgð á því að rekstur félagsins sé í eðlilegum farvegi og í samræmi við þær skuldbindingar sem félagið hefur gengist undir. Megin skyldustörf aðalstjórnar eru:

1. Að ákveða fyrirkomulag á daglegum rekstri félagsins og ráða til þess starfsmenn eftir því sem þörf er á
2. Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins og sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi
3. Að veita starfsmönnum prókúru til að skuldbinda félagið vegna daglegs rekstur þess
4. Að sjá til þess að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur
5. Að gæta þess að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármunum félagsins og að meðferð eigna þess sé með tryggilegum hætti
6. Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum
7. Að skera úr ágreiningi sem upp kann að koma innan félagsins
8. Að ákveða hver eða hverjir skuli heimilt að skuldbinda félagið

6.2 Aðalstjórn getur ráðið stjórnanda, sem annast daglegan rekstur félagsins og ráðningu annarra starfsmanna. Framkvæmdastjórn sem mynduð er af formanni og þeim tveimur stjórnarmönnum sem kosnir eru sérstaklega á aðalfundi félagsins er stjórnanda til ráðuneytis og aðstoðar við daglegan rekstur félagsins.

6.3 Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar er aðeins hægt að gera samkvæmt sérstakri heimild frá aðalstjórn félagsins.

## 7 Reikningar félagsins

7.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning félagsins.

7.2 Á aðalfundi félagsins skal kjósa tvo skoðunarmenn fyrir félagið til eins árs í senn. Ekki má velja skoðunarmenn úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins. Forfallist kjörinn skoðunarmaður skal stjórn skipa nýjan skoðunarmann til bráðabirgða.

7.3 Skoðunarmenn skulu fara yfir allt reikningshald félagsins og í því sambandi kanna bókhaldsgögn og aðra þætti er varða fjárhagsstöðu og rekstur þess og er þeim jafnan heimill aðgangur að öllum bókuðum þess og skjölum.

7.4 Skoðunarmenn skulu hafa lokið skoðun ársreiknings eigi síðar en fjórtán dögum fyrir aðalfund. Ber þeim þá að senda ársreikning til stjórnar félagsins, ásamt athugasemdum sínum. Í síðasta lagi einni viku fyrir aðalfund skal stjórn félagsins hafa samið svör sín við athugasemdum skoðunarmanna og skulu þau og athugasemdirnar liggja félögum til sýnis ásamt ársreikningi, a.m.k. viku fyrir aðalfund sbr. grein 4.7.



## 8 Íþróttta- og félagadeildir

8.1 Innan félagsins starfa íþróttta- eða félagadeildir, sem annast nánar tilgreindan hóp iðkenda. Deildarstjórnir eru skipaðar formanni og allt að 8 öðrum stjórnarmönnum þó skal aldrei skipa færri en tvo ásamt formanni í stjórn íþróttta- eða félagadeildar. Innan deilda er heimilt að skipa hópa sem annast tiltekna hluta starfsins, svo sem foreldrafélag. Stjórn deildar skipar í hópa, en eftir atvikum í samráði við aðra er málið varðar.

8.2 Allir skuldlausir félagar viðkomandi deildar um síðustu áramót, samkvæmt félagatali og viðskiptayfirliti viku fyrir fund, heiðursfélagar, handhafar gulllaufs og silfurlaufs Bjarka, hafa rétt til setu á aðalfundi deildarinnar og hafa þar fullt málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Félögum yngri en 16 ára er ekki heimilt að greiða atkvæði á fundunum, en foreldri eða forráðamanni þess er heimilt að greiða atkvæði í stað barnsins og hefur fullt málfrelsi og tillögurétt á fundinum. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi deildarinnar.

8.3 Deildum og hópum er óheimilt að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga. Öll fjármálaumsýsla félagsins skal fara fram á vegum aðalstjórnar. Deildum og hópum er heimilt að hafa einn eða fleiri bankareikninga á kennitölu félagsins til að halda utanum ákveðin afmörkuð fjármál viðkomandi deildar eða hóps. Upplýsingum og hreyfingum á slíkum reikningum skal komið til stjórnanda og gerð grein fyrir þeim á aðalfundi viðkomandi deildar.

8.4 Með stjórn íþróttta- og félagadeilda fer aðalfundur viðkomandi deildar og stjórn deildarinnar á milli aðalfunda.

8.5 Aðalfundur íþróttta- og félagadeildar skal boða með minnst viku fyrirvara með auglýsingu í íþróttamiðstöðinni Björk, á heimasíðu félagsins og með tölvupósti á iðkendur viðkomandi deildar. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað.

8.6 Aðalfundur íþróttta- og félagadeildar skal halda eigi síðar en viku fyrir aðalfundur félagsins. Á aðalfundi deilda skulu eftirtalin málefni tekin fyrir:

1. Ávarp formanns, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Staðfesta lögmæti fundarins
3. Skýrsla stjórnar deildarinnar um starfsemi þess á liðnu starfsári og reikninga frá hópum ef einhverjir eru
4. Kosning stjórnar deildarinnar. Fyrst skal kosinn formaður og síðan aðrir stjórnarmenn
5. Tilnefning stjórnarmanna í aðalstjórn félagsins
6. Önnur mál löglega upp borin

8.7 Á aðalfundi íþróttta- og félagadeildar ræður meirihluti atkvæða úrslitum allra mála. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Ef tveir menn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði við kosningu, skal hlutkesti ráða. Vanræki íþróttta- og félagadeild að halda aðalfund, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

8.8 Stjórn íþróttadeildar skal sinna eflingu sinnar íþróttagreinar og skulu tilnefna fulltrúa í sérsambönd og sérgreinaráð íþróttahreyfingarinnar eftir því sem við á hverju sinni.

8.9 Innan félagsins skal starfa a.m.k. ein félagadeild, þar sem almennir félagsmenn sem ekki eru meðlimir í einstökum íþróttadeildum geta haft vettvang til að starfa fyrir félagið.

8.10 Aðalstjórn skal sjá um stofnun nýrra deilda. Stofnfundir skulu fara fram samkvæmt aðalfundareglum deildanna eftir því sem við á.



8.11 Komi til þess að stjórn íþrótt- og félagadeildar hætti störfum án þess að ný stjórn sé kjörin skal aðalstjórn taka málið upp á stjórnarfundum og ákveða hvort reynt verði að finna nýja stjórn fyrir deildina eða leggja hana niður. Verði ákveðið að leggja deildina niður tekur aðalstjórn yfirráttum og skyldur viðkomandi deildar.

### **9 Breytingar á lögum félagsins**

9.1 Lögum félagsins má breyta á löglega boðuðum aðalfundi félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slíkar breytingar séu fyrirhugaðar og í hverju þær felist í meginatriðum. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði a.m.k. 2/3 hlutar greiddra atkvæða á fundinum.

### **10 Slit félags**

10.1 Ákvörðun um slit félags verður tekin á löglega boðuðum aðalfundi eða almennum félagsfundum. Ákvörðun um slit skal samþykkt með minnst 2/3 hlutum atkvæða. Fundur sem tekur ákvörðun um slit félagsins skal jafnframt taka ákvörðun um ráðstöfun eigna eða greiðslu skulda í samræmi við ákvæði laga um slit félagsamtaka.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi félagsins sem haldinn var 6. maí 2014 og tóku gildi 23. janúar 2015 með bréfi frá framkvæmdastjórn ÍSÍ þar sem löggin voru staðfest með nokkrum athugasemdum.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 28. apríl 2015 voru samþykktar breytingar á:

Grein 2.6 um takmörkun á fjölda heiðursfélaga. Greinum 4.2, 4.4. og 4.5 um auglýsingu aðalfundar. Grein 5.1 um fulltrúa félagadeildar í aðalstjórn. Grein 8.2 um að heiðursfélagar og handahafar gulllaufs og silfurlaufs hafa rétt til þátttöku í aðalfundum deilda. Grein 8.11 um ábyrgð aðalstjórnar á deildum og yfirtöku á deild þegar hún er lögð niður.

Grein 8.7 breytt til samræmis við grein 4.11 Ný grein 10.1 um slit á félaginu.

Ofangreindar breytingar hafa verið samþykktar samkvæmt reglum íþróttahreyfingarinnar.

[Lögum félagsins var síðast breytt á aðalfundi félagsins 26. apríl 2018, með breytingu á greinum 4.2 og 4.6.](#)

[Staðfest í febrúar 2016](#)